



## Fundargerð

34. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar haldinn á bæjarskrifstofu Reykjaneshæjar,  
Tjarnargötu 12 þriðjudaginn 17. janúar 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Magnús Einþór Áskelsson og Hafþór Birgisson íþrótta- og tómsfundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Lífshlaupið 2023 (2023010317)

Lífshlaupið 2023 hefst þann 1. febrúar nk. Lýðheilsuráð skorar á íbúa, stofnanir og fyrirtæki að vera með í þessu mikilvæga verkefni. Kynning á verkefninu og skráning fara fram á slóðinni [lifshlaupid.is](http://lifshlaupid.is) og eru bæjarbúar hvattir til að taka þátt og fá alla fjölskylduna með sér í verkefnið.

### 2. Þakkir frá lýðheilsuráði vegna gönguskíðabrauta (2023010318)

Lýðheilsuráð færir þakkir til þeirra sjálfboðaliða sem stóðu að göngusporum í Leiru og Ásbrú! Mikilvægt er þegar litið er til framtíðar að skapa aðstöðu sem miðar að aukinni hreyfingu enda hreyfingaleysi ein helsta ógn tuttugustu og fyrstu aldarinnar, einnig er mikilvægt að bjóða upp á sem fjölbreyttustu afþreyingu til að höfða til breiðari hóps íbúa Reykjaneshæjar.

### 3. Aðgerðaráætlun lýðheilsamála 2023 (2023010320)

Lýðheilsuráð yfirfór aðgerðaráætlun lýðheilsamála fyrir árið 2023 og er sammála um að mörg áhugaverð og mikilvæg verkefni verði að veruleika á árinu.

### 4. Forvarnir í Reykjaneshæ í sögulegu samhengi (2023010322)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómsfundafulltrúi fór yfir forvarnir í Reykjaneshæ í sögulegu samhengi. Ljóst er að árangur í Reykjaneshæ er afar góður varðandi að draga úr neyslu ungmenna á áfengi, tóbaki og annarra vímuefna. Aðrar áskoranir eru þó uppi við í dag svo



sem andleg líðan og aukin skjánotkun barna og ungmenna og því kemur ekki á óvart að aðgerðaráætlun Lýðheilsuráðs endurspegli m.a. þær áherslur.

#### 5. Frístundir.is (2023010324)

Lýðheilsuráð leggur mikla áherslu á að auka þátttöku allra í hreyfingu og minnir á vefsíðuna frístundir.is – Lýðheilsuráð fagnar því að nú sé hægt að sækja um hvatagreiðslur fyrir 4 – 5 ára börn og að síðar á árinu verði í boði hvatagreiðslur fyrir eldri borgara. Góð íþrótt gulli betri er tilvitnun sem á hér vel við.

Lýðheilsuráð stóð að, í samvinnu við aðra, að gera kynningarmyndband fyrir vefsíðuna frístundir.is sem hægt er að kynna sér á vefslóðinni

<https://www.youtube.com/watch?v=WYawMaPUFBU>

#### 6. Lýðheilsumál til framtíðar (2023010323)

Lýðheilsumál til framtíðar ! Lýðheilsuráð skorar á bæjarstjórn Reykjanesbæjar að hvika hvergi frá né gefa hverskonar afslátt af áherslum er varðar Lýðheilsumál í Reykjanesbæ. Af nógu er að taka.

Lýðheilsuráð vill koma á framfæri kærum þökkum til Ásdísar Rögnu Einarsdóttur fráfarandi lýðheilsufulltrúa fyrir góð störf og óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

#### 7. Markaðsstefna Reykjanesbæjar (2021110284)

Markaðsstefna Reykjanesbæjar lögð fram.

Lýðheilsuráð óskar eftir að lögð verði áhersla á lýðheilsu,- forvarnar- og íþróttamál í stefnunni. Mikill árangur hefur náðst í þessum málaflokkum og gera mætti þeim hærra undir höfði í stefnunni.

Lýðheilsuráð óskar þjónustu- og menningarsviði til hamingju með nýju stefnuna.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50